

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/16/EB

2002/EES/12/14

frá 10. apríl 2000

um breytingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fôðurs og tilskipun ráðsins 96/25/EB um dreifingu fôðurefnis(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
251. gr. sáttmálans⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 95/69/EB frá 22. desember 1995 um skilyrði og fyrirkomulag við að viðurkenna og skrá tiltekna fôðurstöðvar og milliliði og um breytingu á tilskipunum 70/524/EBE, 74/63/EBE, 79/373/EBE og 82/471/EBE⁽⁴⁾ er mælt fyrir um grundvallarregluna um að úthluta tilteknum starfsstöðvum og milliliðum löggildingarnúmeri. Vegna gagnsæis og til að auðvelda eftirlit skal gera kröfu um að skráningar- eða löggildingarnúmerið, eftir því sem við á, komi fram á merkimiðanum eða í skjalinu sem fylgir fôðurlöndunum.
- 2) Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fôðurs⁽⁵⁾ varir lágmarksgeymsluþol fôðurlöndu meðan hún heldur séreiginleikum sínum við rétt geymsluskilyrði. Hugtakið „séreiginleikar“ nær til allra eiginleika sem ákvarða gæði fôðurlöndu, einkum virkni þeirra aukefna sem hún inniheldur. Umrædd virkni er gefin til kynna með fyrningar- dagsetningu ábyrgðarinnar sem ber að tilgreina í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽⁶⁾.

Af þessum sökum hefur þessi dagsetning úrslitapýðingu með tilliti til þess að ákvarða lágmarksgeymsluþol fôðurlöndunnar í þeim tilvikum þegar lágmarksgeymsluþol aukefnis er sá þáttur sem takmarkar gæði fôðurlöndunnar. Viðeigandi ákvæði í annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr. d í tilskipun 79/373/EBE tekur samt sem áður ekki af öll tvímæli og því ber að setja annað í þess stað.

- 3) Í þýskri útgáfu tilskipunar 79/373/EBE er hugtakið „dreifing“ (*Verkehr*) notað í stað hugtaksins „markaðssetning“ (*Vermarktung*) sem er notað í útgáfum á öðrum tungumálum. Nauðsynlegt er að samræma útgáfurnar á hinum ýmsu tungumálum þar eð um merkingarmun er að ræða. Þar eð gildissvið nýrri tilskipana á sviði fôðurs nær oftast yfir „að setja í dreifingu“ eða „dreifingu“ ber að aðlaga tilskipun 79/373/EBE til samræmis við það og fella inn skilgreiningu á „dreifingu“ („að setja í dreifingu“).
- 4) Í samræmi við tilskipun 79/373/EBE er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EBE⁽⁷⁾ tekin saman skrá yfir innihaldsefni sem er bannað að nota í fôðurlöndum af ástæðum sem varða heilsuvernd manna og dýra. Bannið nær hins vegar ekki til dreifingar slíkra efna sem fôðurefna eða til þess að kvikfjársbændur noti þessi efni sem slík sem fôðurefni.
- 5) Til að ráða bót á þessu ástandi er í fyrsta lagi nauðsynlegt að víkka gildissvið tilskipunar ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um dreifingu fôðurefnis, um breytingu á tilskipunum 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og niðurfellingu tilskipunar 77/101/EBE⁽⁸⁾ til þess að gildissvið hennar nái einnig yfir notkun fôðurefnis. Í öðru lagi ber að taka saman skrá yfir efni, sem er bannað að dreifa eða nota sem fôðurefni eða þar sem dreifing eða notkun slíkra efna er háð takmörkunum, í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EBE, þannig að gildissvið banna og takmarkana sé almennt og eigi bæði við um notkun fôðurefnanna sem slíkra og notkun þeirra í fôðurlöndum. Breyta ber tilskipun ráðsins 79/373/EBE til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. tíð. EB L 105, 3.5.2000, bls. 36, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 3.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB C 261, 19.8.1998, bls. 3.

⁽²⁾ Stj. tíð. EB C 101, 12.4.1999, bls. 89.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 16. desember 1998 (Stj. tíð. EB C 98, 9.4.1999, bls. 150), staðfest 16. september 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 15. nóvember 1999 (Stj. tíð. EB C 17, 20.1.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. mars 2000.

⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB L 332, 30.12.1995, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 1999/29/EB (Stj. tíð. EB L 115, 4.5.1999, bls. 32).

⁽⁵⁾ Stj. tíð. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/61/EB (Stj. tíð. EB L 162, 26.6.1999, bls. 67).

⁽⁶⁾ Stj. tíð. EB L 270, 14.1.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 45/1999 (Stj. tíð. EB L 6, 12.1.1999, bls. 3).

⁽⁷⁾ Stj. tíð. EB L 281, 9.10.1991, bls. 23. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/420/EB (Stj. tíð. EB L 162, 26.6.1999, bls. 69).

⁽⁸⁾ Stj. tíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/61/EB (Stj. tíð. EB L 162, 26.6.1999, bls. 67).

- 6) Reynslan hefur leitt í ljós að tiltekna aukaafurðir, sem hafa gengið í gegnum iðnaðarvinnslu, geta innihaldið efni sem geta, jafnvel þó þau skapi ekki hættu fyrir heilsu dýra eða manna, haft óæskileg áhrif á umhverfið. Því er einnig nauðsynlegt að kveða á um að fódurefni skapi ekki hættu fyrir umhverfið.
- 7) Í tilskipun ráðsins 90/667/EBE frá 27. nóvember 1990 um reglur um heilbrigðiseftirlit með förgun og vinnslu skepnuúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í föðri úr dýraafurðum, þar á meðal fiskafurðum, og um breytingu á tilskipun 90/425/EBE⁽¹⁾ er mælt fyrir um reglur um markaðssetningu skepnuúrgangs sem er ætlaður til annarra nota en manneldis og í tilskipun 96/25/EB er mælt fyrir um reglur sem gilda um merkingar þar sem notendum eru láttnar í té nákvæmar upplýsingar um hvaða efni er að ræða og takmarkanir á notkun þeirra. Nauðsynlegt er að tryggja að fullkomið samræmi ríki milli gervinga á sviði dýraheilbrigðis og föðrunar dýra.
- 8) Til þess að gera notendum og eftirlitsyfirvöldum kleift að ganga greiðlega úr skugga um uppruna fódurefna og að þau séu í samræmi við ábyrgðir sem lúta að heilbrigði með tilliti til tilskipunar 90/667/EBE er nauðsynlegt að birta, ásamt ábendingum sem er krafist vegna þessara fódurefna, nafn og heimilisfang hlutaðeigandi framleiðslustöðva, löggildingarnúmer, tilvísunarnúmer framleiðslulotu eða aðrar upplýsingar sem munu tryggja að unnt verði að komast að uppruna viðkomandi fódurefnis.
- 9) Breyta ber tilskipunum 79/373/EBE og 96/25/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 79/373/EBE er breytt sem hér segir:

- Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. gr.:

„m) „setja í dreifingu“ eða „dreifing“: að geyma fódur-blöndur með tilliti til sölu, einnig að bjóða til sölu, eða afhendingar með einhverjum öðrum hætti til þriðja aðila, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan og afhending sem fer fram með einhverjum öðrum hætti.“
- Eftirfarandi komi í stað k-liðar í 1. mgr. 5. gr.:

„k) frá 1. apríl 2001, löggildingarnúmer sem starfsstöðinni er úthlutað í samræmi við 5. gr. tilskipunar ráðsins 95/69/EB frá 22. desember 1995 um skilyrði og fyrirkomulag við að viðurkenna og skrá tiltekna fódurstöðvar og milliliði (*) eða eftir

atvikum skráningarnúmer sem er úthlutað starfsstöðinni í samræmi við 10. gr. þeirrar tilskipunar.

(*) Stjtið. EB L 332, 30.12.1995, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 1999/29/EB (Stjtið. EB L 115, 4.5.1999, bls. 32).“

- Eftirfarandi komi í stað annarrar undirgreinar í 1. mgr. 5. gr. d:

Komi fram krafa í öðrum bandalagsákvæðum um fódurblöndur þess efnis að lágmarksgeymsluþol eða fyrmingardagsetning ábyrgðar sé gefin til kynna skal í ábendingunni, sem um getur í fyrstu undirgrein, aðeins gefa upp elstu dagsetninguna.“
- Í 10. gr. falli c-liður niður.
- Yrðingin „og skránum sem vísað er til í b- og c-lið hér á undan“ í e-lið 10. gr. falli niður.
- Eftirfarandi málsgrein bætist við í 10. gr. a:

„3. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að óheimilt sé að nota fódurefni, sem eru birt í skránni sem kveðið er á um í b-lið 11. gr. tilskipunar 96/25/EB, sem fódurefni til framleiðslu fódurblandna í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun.“
- Hugtakið „dreifing“ komi alls staðar í tilskipuninni í stað hugtaksins „markaðssetningar“
- (Á ekki við um ensku útgáfuna).

2. gr.

Tilskipun 96/25/EB er breytt sem hér segir:

- Eftirfarandi komi í stað yfirskriftarinnar:

„Tilskipun ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um dreifingu og notkun fódurefna, breytingu á tilskipunum 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og niðurfellingu á tilskipun 77/101/EBE.“
- Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 1. gr.:

„1. Tilskipun þessi gildir um dreifingu og notkun fódurefna í bandalaginu.“;
- eftirfarandi komi í stað 3. gr.:

„3. gr.

Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um skuldbindingar sem leiða af öðrum bandalagsákvæðum, mæla fyrir um að því aðeins sé heimilt að setja fódurefni í dreifingu í bandalaginu að þau séu óspillt, ósvikin og markaðshæf. Þau skulu mæla fyrir um að fódurefni, þegar þeim er dreift eða þau notuð, megi ekki á neinn hátt vera hættuleg heilsu manna eða dýra eða umhverfinu og að ekki megi setja þau í dreifingu með villandi hætti.“

(¹) Stjtið. EB L 363, 27.12.1990, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994 (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 155).

4. Eftirfarandi komi í stað g-liðar í 1. mgr. 5. gr.:

„g) nafn eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang eða skráð starfsstöð framleiðanda, löggildingarnúmer, tilvísunarnúmer framleiðslulotu eða hverjar aðrar upplýsingar sem tryggja að unnt sé að komast að uppruna viðkomandi fóðurefnis, þegar viðurkenna skal starfsstöð í samræmi við:

— tilskipun 90/667/EBE (*),

— bandalagsráðstafanir sem um getur í skrá sem taka ber saman í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 13. gr.;

h) nafn eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang eða skráð starfsstöð einstaklingsins sem ber ábyrgð á upplýsingunum sem um getur í þessari málsgrein ef viðkomandi er annar en framleiðandinn sem um getur í g-lið.

(*) Stjttíð. EB L 363, 27.12.1990, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.“

5. Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað orðanna „14. gr.“ komi „13. gr.“;

b) eftirfarandi komi í stað b-liðar:

„b) taka ber saman skrá yfir efni, sem bannað er eða háð er takmörkunum að nota sem fóður, í því skyni að tryggja samræmi þeirra við ákvæði 3. gr.;

c) samþykkja ber breytingar á skránni, sem um getur í b-lið, í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni;

d) samþykkja ber breytingar á viðaukanum í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni.“

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 3. maí 2001, samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Ákvæðin, sem eru samþykkt, skulu gilda í síðasta lagi frá 3. nóvember 2001.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem þau birtast í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 10. apríl 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. GAMA

forseti.